



# Stefnumörkun lögreglustjórans í Hafnarfirði fyrir árið 2006

Afbrotatölfræði fyrir árið 2005



Álftanes



Garðabær



Hafnarfjörður

Janúar 2006



### **Stefnuyfirlýsing:**

„Lögreglan á Álftanesi, Garðabæ og Hafnarfirði  
er þjónustuaðili sem vinnur að því  
að tryggja öryggi íbúa í umdæmi sínu.“

# Efnisyfirlit

<b>I. HLUTI</b>	
1.0 Formáli .....	5
1.1 Viðurkenningar .....	6
<b>II. HLUTI</b>	
2.0 Niðurstaða ársins 2005 .....	7
2.1 Afbrotatölfræði ríkislögreglustjórans fyrir árið 2004 .....	7
<b>III. HLUTI</b>	
3.0 Breytt vinnubrögð lögreglunnar .....	8
3.1 Varnir gegn afbrotum .....	8
3.2 Forvarnarstarf .....	8
3.2.1 Börn og ungmenni .....	8
3.2.3 Önnur afbrot .....	9
3.2.4 Umhverfismál .....	9
3.3 Hugmyndafræði - framtíðarsýn .....	9
3.4 Annað .....	9
<b>IV. HLUTI</b>	
4.0 Stefna lögreglustjórans í Hafnarfirði árið 2006 .....	10
<b>V. HLUTI</b>	
5.0 Afbrotatölfræði .....	11
5.1 Íbúápróun .....	11
5.2 Fjölgun / fækkun hegningarlagabrota .....	12
5.2.1 Hegningarlagabrot .....	12
5.2.2 Íbúápróun borin saman við þróun hegningarlagabrota. ....	12
5.3 Innbrot, þjófnaðir og eignaspjöll .....	13
5.3.1 Innbrot .....	13
5.3.2 Þjófnaðir .....	13
5.3.3 Eignaspjöll, minni háttar skemmdarverk .....	14
5.4 Líkamsárásir .....	14
5.5 Umferðarmál .....	15
5.5.1 Umferðaróhöpp, eignatjón/slys/mannslát/ölvunarakstur .....	15
5.5.2 Ölvun við akstur .....	15
5.5.3 Of hraður akstur - hraðamæling með ratsjá .....	16
5.6 Fikniefnamál .....	17
<b>VI. HLUTI</b>	
6.0 Afbrotapróun á Álftanesi, í Garðabæ og Hafnarfirði .....	18
6.1 Álftanes .....	18
6.1.1 Íbúápróun frá árinu 1999 til 2005 .....	18
6.1.2 Afbrotatölur .....	18
6.2 Garðabær .....	19
6.2.1 Íbúápróun frá árinu 1999 til 2005 .....	19
6.2.2 Afbrotatölur .....	19
6.3 Hafnarfjörður .....	20
6.3.1 Íbúápróun frá árinu 1999 til 2005 .....	20
6.3.2 Afbrotatölur .....	20
<b>Heimildaskrá</b> .....	20

# I. HLUTI

## 1.0 Formáli

Stefnumörkun lögreglustjórans í Hafnarfirði og afbrotatölfræði er nú gefin út í fjórða sinn en hún kom fyrst út í ársbyrjun 2003. Frá þeim tíma er lögreglan fyrst setti sér stefnu og markmið hefur hegningarlagabrotum fækkað í umdæminu um 55% en sérstök áhersla hefur verið lögð á að fækka brotum eins og innbrotum, þjófnumum og eignaspjöllum. Hegningarlagabrotum frá árinu 2002 til 2004 fækkaði helmingi meira í umdæmi lögreglustjórans í Hafnarfirði en á landsvísu.

Í ljósi þeirrar góðu niðurstöðu sem nú liggur fyrir mun lögreglan halda svipaðri stefnu á þessu ári og árin þar áður, með það meginmarkmið sem fyrr að uppfylla lögbundið hlutverk sitt í samræmi við 2. mgr. 1. gr lögreglulaga nr. 90/1996.

Lögreglan mun á árinu 2006 leggja áherslu á fækkun innbrota, þjófnaða og eignaspjalla líkt og gert hefur verið síðustu ár. Hún mun sem fyrr leggja áherslu á umferðareftirlit með það að markmiði að fækka umferðarslysum. Þá verður baráttunni gegn dreifingu og neyslu ólöglegra fíkniefna haldið áfram með virku eftirliti.

Í þessari skýrslu verður gerð grein fyrir niðurstöðum ársins 2005, auk þess sem kynntar verða þær breyttu áherslur í starfseminni sem innleiddar voru í ársbyrjun 2003, svo og þeirri hugmyndafræði sem unnið hefur verið eftir og framtíðarsýn. Þá verður gerð grein fyrir stefnumörkun ársins 2006. (II til IV. hluti)

Í V. hluta skýrslunnar má sjá tölur fyrir þá mála- og brotaflokkum sem lögreglan hefur lagt áherslu á, bornar saman við sambærilegar tölur síðustu fimm ára. Þar er einnig hægt að bera saman tölfræðilegar niðurstöður ársins 2005 við spá embættisins í völdum brotaflokkum til ársins 2008, en sú spá var fyrst kynnt í stefnumörkun þeirri er gefin var út á síðasta ári.

Í VI. hluta skýrslunnar má finna afbrotatölur fyrir hvert þeirra þriggja sveitarfélaga embætti lögreglustjórans í Hafnarfirði þjórnar, Álftanes, Garðabæ og Hafnarfjörð.

Tölur þær sem stuðst er við í afbrotatölfræðinni eru fengnar úr málaskrá lögreglu fyrir árin 2000 til 2004 en úr nýju lögreglukerfi fyrir árið 2005 (LÖKE). Um bráðabirgðatölur fyrir árið 2005 er að ræða.

Þá eru fengnar tölur úr nýútkominni afbrotatölfræði ríkislögreglustjórans fyrir árið 2004 og úr skýrslu ríkislögreglustjórans um fjölda brota eftir embættum frá árinu 2001 til 2004 en í þessum skýrslum er bæði hægt að bera saman lögregluembætti innbyrðis og hvert embætti miðað við tölur fyrir landið allt. Sambærilegar tölur eru hins vegar ekki tiltækar í skýrslu fyrir árið 2005 og þeirra því ekki getið hér.

Allar upplýsingar sem kynntar eru í skýrslu þessari eru á ábyrgð lögreglustjórans í Hafnarfirði.

## 1.1 Viðurkenningar

Stefnumörkun og árangur tengdur henni hefur vakið nokkra athygli og fyrir þá vinnu hefur embætti lögreglustjórans í Hafnarfirði hlotið viðurkenningar. Sýslumannsembættið var ein af þeim stofnunum sem kom til greina sem fyrirmyndarríkisstofnun árið 2004. Í umfjöllun um embættið sagði meðal annars af því tilefni að til fyrirmyndar væri áherslan á að gera markmið og árangur lögreglunnar bæði skýr og sýnileg og að slík framsetning væri líkleg til að stuðla að upplýstri umræðu, bæta stjórnun, efla áhuga og auka samkennd lögreglunnar og almennings.

Þá fékk lögreglan í Hafnarfirði á síðasta ári heiðurskjöld tryggingafélagsins Sjóvá fyrir „árangursríkt átak í fækkun afbrota undangengin tvö ár“, en tryggingafélagið hafði þá síðast veitt þann skjöld árið 2000.



*Egill Bjarnason, yfirlögregluþjónn, og Árni Gunnarsson, framkvæmdastjóri tjónasviðs Sjóvá. Viðurkenning veitt fyrir árangursríkt átak í fækkun afbrota undangengin tvö ár. (Febr. 2005.)*

## II. HLUTI

### 2.0 Niðurstaða ársins 2005

Innbrotum fækkaði um 31% milli áráanna 2004 og 2005. Innbrotum í umdæminu hefur þá fækkað um 40% frá árinu 2002 til 2005.

Þjófnum fækkaði um 13% frá árinu 2004 og hefur þá fækkað um 46% frá árinu 2002 til 2005.

Eignaspjöllum fjölgaði lítillega frá árinu 2004, eða um 6%. Þeim hafði hins vegar fækkað um 33% milli áráanna 2003 og 2004 og hefur, frá árinu 2002 til 2005, fækkað um 35%.

Hegningarlagabrotum í heild fækkaði um 37% frá árinu 2004 til 2005. Þeim hefur fækkað um 55% frá árinu 2002 til 2005. (Sjá einnig kafla 2.1 um hegningarlagabrot samanborið við landið allt og nærliggjandi umdæmi.)

Umferðaróhöppum fjölgaði um 3% frá árinu 2004 og hefur þá fjölgað um 13% frá árinu 2002 til 2005. Á sama tíma hefur umferðarþungi í umdæminu hins vegar aukist um 20%.

Umferðarslysum fækkaði um 32% frá árinu 2004 og hefur þá fækkað um 52% frá árinu 2002 til 2005. Ekkert banaslys varð í umdæminu á árinu 2005.

Skráðum fíkniefnabrotum fjölgaði um 26% frá árinu 2004 og hefur þá fjölgað um 102% frá árinu 2002 til 2005, úr 126 málum í 254. Er það í samræmi við stefnu lögreglunnar í þessum málaflokki en fíkniefnabrot, öndvert við önnur brot sem nefnd eru hér að ofan, eru að langmestu leyti háð frumkvæðisvinnu lögreglunnar. Fjölgun skráðra brota þarf því ekki að þýða aukið fíkniefnamisferli heldur ekki síður, aukið og bætt eftirlit lögreglunnar.

### 2.1 Afbrotatölfræði ríkislögreglustjórans fyrir árið 2004

Samkvæmt afbrotatölfræði ríkislögreglustjórans fyrir árið 2004 sem gefin var út í desember síðastliðnum, má sjá að hegningarlagabrotum fækkaði um 15% á landinu öllu<sup>1</sup> frá árinu 2002 til 2004, og í þeim umdæmum sem lögreglan í Hafnarfirði helst ber sig saman við, umdæmi lögreglustjórans í Reykjavík og sýslumannsins í Kópavogi, fækkaði hegningarlagabrotum um 14% í Reykjavík og 9% í Kópavogi.<sup>2</sup>

Frá árinu 2002 til 2004 fækkaði hegningarlagabrotum um 29% í umdæmi lögreglustjórans í Hafnarfirði.<sup>3</sup> Þeim hefur, eins og fram kemur í kafla 2.0 hér að framan, fækkað um 55% frá árinu 2002 til 2005. (Sjá einnig kafla 5.2 um hegningarlagabrot.)

<sup>1</sup> Ríkislögreglustjórnin (des. 2005), bls. 10. Afbrotatölfræði 2004.

<sup>2</sup> Ríkislögreglustjórnin (des. 2005), bls. 8 og 12. Fjöldi brota eftir embættum, 2001 til 2004.

<sup>3</sup> Ríkislögreglustjórnin (des. 2005), bls. 17. Fjöldi brota eftir embættum, 2001 til 2004.

## III. HLUTI

### 3.0 Breytt vinnubrögð lögreglunnar

#### 3.1 Varnir gegn afbrotum

Frá árinu 2003 hafa markmið lögreglunnar og stefna verið skýr. Með markvissu átaki hefur verið stefnt að fækkun hegningarlaga brota eins og innbrota, þjófnaða og eignaspjalla. Þá hefur lögreglan stefnt að fækkun umferðaróhappa og umferðarslysa í umdæminu, auk þess að leggja sérstaka áherslu á markvissa og öfluga löggæslu til að koma í veg fyrir dreifingu og neyslu ólöglegra fíkniefna. Eins og fram kemur í II. hluta skýrslunnar hefur náðst góður árangur og því verður haldið áfram á sömu braut.

#### 3.2 Forvarnarstarf

##### 3.2.1 Börn og ungmenni

Lögreglan hefur lagt mikla áherslu á forvarnir í málum barna og ungmenna í umdæminu, í samstarfi við barnaverndaryfirvöld, skóla og foreldra.

Samstarfið hefur orðið sífellt öflugra og markvissara á undanförunum árum og hefur skilað umtalsverðum árangri að mati lögreglunnar. Sá árangur lýsir sér meðal annars í fækkun eignaspjalla í umdæminu sem rannsóknir hafa sýnt að tengjast oft einstaklingum undir 18 ára aldri, sem og fækkun annarra hegningarlaga brota eins og þjófnaða og innbrota. Að auki hefur tilfellið þar sem sömu unglingar koma ítrekað við sögu lögreglunnar fækkað mjög. Vandamál er tengdust hópamyndun ungmenna á ákveðnum stöðum og tímum í umdæminu hafa einnig minnkað. Niðurstöður sem birtar voru á síðasta ári af Rannsóknum & greiningu á fíkniefna-neyslu ungs fólks í Hafnarfirði og Garðabæ sýna þróun í átt til minni neyslu.



Í ljósi þessa hefur lögreglan ákveðið að auka enn starfið sem tengist börnum og ungmennum og mun í því skyni leggja til eitt stöðugildi rannsóknarlögreglumanns er sinnir alfarið málefnum barna og ungmenna í umdæminu, en áður var þar um hlutastarf að ræða.

##### 3.2.2 Umferðarmál

Lögreglan hefur á síðustu árum lagt mikla áherslu á sýnileika í umferðinni og þá helst á stofnbrautum og á stöðum þar sem umferðaróhöpp eru hvað flest. Á þessu ári er stefnt að auknu eftirliti í íbúðarhverfum þar sem umferð barna og gangandi vegfarenda er mikil með það að markmiði að ná niður umferðarhraða og koma í veg fyrir óhöpp. Lögreglan mun áfram leitast við að vera í góðu samstarfi við Vegagerðina og aðra veghaldara varðandi hættuleg gatnamót og vegarkafli. Það er enda mat lögreglunnar, þegar leitað er orsaka umferðaróhappa og umferðarslysa, að umferðarmannvirki skipti þar afar miklu máli. (Sjá einnig kafla 5.5.1)

### 3.2.3 Önnur afbrot

Lögreglan hefur á síðustu árum kappkostað að nýta vel þann mannafla og tækjabúnað sem hún hefur yfir að ráða. Lögreglubifreiðum í umferð hefur verið fjölgað, bæði merktum og ómerktum, með því að hafa við ákveðnar aðstæður einn lögreglumann í bíl í stað tveggja áður. Þannig er hægt að halda uppi öflugra eftirliti auk þess sem nýr tækjabúnaður í lögreglubifreiðum, s.s. upptökubúnaður fyrir hljóð og mynd, gerir slíkt eftirlit árangursríkara en ella. Lögreglan mun áfram leggja áherslu á slíkt eftirlit, með það að markmiði að koma í veg fyrir og upplýsa brot.

Lögreglan hefur og kappkostað að koma í veg fyrir neyslu og dreifingu ólöglegra fíkniefna í umdæminu. Það hefur verið markmið lögreglunnar, alveg frá árinu 1997 að allir lögreglumenn geti sinnt þessum málaflokki og rannsakað mál sem upp koma, en ekki einungis fáiir „sérfræðingar“ á því sviði eins og áður var.

Lögreglan telur að vel hafi tekist til og eftirlitið orðið öflugra með hverju árinu. Lýsir það sér meðal annars í því að á höfuðborgarsvæðinu öllu eru nú flest skráð fíkniefnabrot hjá embætti lögreglustjórans í Hafnarfirði miðað við hverja 10 þúsund íbúa<sup>4</sup>, þó svo að ekkert bendi til að slík brot eða neysla fíkniefna sé meiri í því umdæmi en öðrum. Lögreglan mun því halda sömu áherslum og verklagi í þessum málaflokki og verið hefur síðustu ár. (Sjá einnig kafla 5.6)

### 3.2.4 Umhverfismál

Lögreglan stefnir að auknu samstarfi við sveitarstjórnir í umdæminu um umhverfismál hverskonar, s.s. varðandi staðsetningu afskráðra bíla og bílaparta í íbúðar- og iðnaðarhverfum sem oft skapa slysahettu, en það er vandamál sem stundum hefur reynst erfitt að taka á og leysa með viðunandi hætti.

## 3.3 Hugmyndafræði – framtíðarsýn

Hugmyndafræði sem lögreglan hefur unnið eftir síðustu ár má skipta í þrennt.

Í fyrsta lagi að afbrot séu ekki einkamál lögreglunnar heldur varði þau samfélagið allt. Með það í huga hefur lögreglan kappkostað að koma upplýsingum reglulega á framfæri við íbúa í umdæminu, m.a. kynnt tölur um þróun afbrota, komið á framfæri upplýsingum um gatnamót og vegarkafla þar sem umferðaróhöpp eru tíð, sent út upplýsingar um vinnu lögreglunnar og samstarfsaðila hennar í forvarnarmálum og fleira. Markmiðið með þessu er að fá sem flesta í lið með lögreglunni við að fækka afbrotum eða koma í veg fyrir þau.

Í öðru lagi að með markvissum forvörnum og samstarfi við barnaverndaryfirvöld, skóla og foreldra, megi koma í veg fyrir að börn og ungmenni leiðist út í afbrot. Því fyrr sem slíkar markvissar forvarnir byrja, því betra.

Í þriðja lagi að með auknum sýnileika lögreglunnar og markvissum faglegum vinnubrögðum á vettvangi megi koma í veg fyrir afbrot.

**Framtíðarsýn** lögreglunnar er að afbrotum megi áfram fækka í umdæminu verði unnið samkvæmt þeirri hugmyndafræði sem hér hefur verið kynnt.

## 3.4 Annað

Lögreglustjórnin í Hafnarfirði vill þakka barnaverndaryfirvöldum í umdæminu, skólum og foreldrum, fyrir hið góða samstarf sem náðst hefur milli þeirra og lögreglunnar og telur að það sé lykkillinn að fækkun afbrota til framtíðar.

<sup>4</sup> Ríkislögreglustjórnin (des. 2005), bls. 63. Afbrotatölfræði 2004.

## IV. HLUTI

### 4.0 Stefna lögreglustjórans í Hafnarfirði árið 2006

Lögreglan stefnir að –

- áframhaldandi markvissu forvarnarstarfi í umdæminu í samstarfi við barnaverndar-yfirvöld, skóla og foreldra
- áframhaldandi markvissri söfnun upplýsinga um þróun afbrota í umdæminu, hvar þau eru framin, hvenær og af hverjum
- áframhaldandi góðu umferðareftirliti með sérstakri áherslu á íbúðahverfi
- auknu almennu eftirliti í íbúðahverfum
- auknum sýnileika lögreglunnar með áframhaldandi góðri nýtingu á mannafla og nýjum tækjabúnaði
- því, í samvinnu við ákærvaldið, að stöðva sem fyrst þá brotamenn er gerst hafa sekir um ítrekuð afbrot
- því að senda út, á þriggja mánaða fresti, upplýsingar til íbúa um afbrotaþróun í umdæminu
- áframhaldandi góðu samstarfi og upplýsingamiðlun til sveitarfélaga, tryggingafélaga og Vegagerðar um vegarkafla sem hættulegir þykja
- aukinni samvinnu við sveitarfélög, m.a. í umhverfismálum
- áframhaldandi öflugtu eftirliti í fíkniefnamálum, auk þess að leggja sérstaka áherslu á að upplýsa mál er varða sölu og dreifingu ólöglegra fíkniefna

## V. HLUTI

### 5.0 Afbrotatölfræði

Hér má finna afbrotatölfræði lögreglustjórans í Hafnarfirði fyrir árin 2000 til 2005. Fyrst er gerð grein fyrir tölum er varða embættið allt og þá lögð sérstök áhersla á brotaflokk sem lögreglan hefur lagt áherslu á í sinni vinnu. Í VI. hluta skýrslunnar má svo sjá samskonar tölur fyrir sveitarfélögin þrjú sem lögreglan í umdæminu þjónar, Álftanes, Garðabæ og Hafnarfjörð.

Í stefnumörkun sinni fyrir árið 2005 reyndi lögreglan að spá fyrir um afbrotapróun í umdæminu til ársins 2008. Var þar miðað við íbúapróun, fækkun afbrota sem átt hafði sér stað frá árinu 2002, þær aðgerðir sem lögreglan og fleiri höfðu farið í til fækkunar afbrota og almennt ástand í umdæminu. Að hluta var því um huglægt mat að ræða. Spáin gekk þó eftir að mestu, en afbrotum fækkaði heldur meira en ráð var fyrir gert.

Rétt er að geta þess í tengslum við framtíðarspá og markmið að margt getur breyst í umhverfinu sem hefur áhrif á tíðni afbrota og lögreglan eða aðrir geta ekki haft áhrif á. Engin trygging er fyrir áframhaldandi fækkun brota þótt fátt bendi til að breytingar til hins verra séu í aðsigi, haldi lögreglan og samstarfsaðilar hennar áfram á þeirri braut sem mörkuð hefur verið. Breytist þróunin á verri veg verður stefnan endurmetin.


Þá er jafnframt erfitt að fullyrða að þær aðgerðir sem lögreglan og samstarfsaðilar hennar hófu í árslok 2002 og greint hefur verið frá í skýrslu þessari, hafi skapað þá fækkun afbrota sem orðið hefur. Vísbendingar um slíkt eru þó fyrir hendi þegar litið er til afbrotapróunar hjá nærliggjandi lögregluumdæmum og á landsvísu til samanburðar. (Sjá m.a. kafla 2.1)

### 5.1 Íbúapróun

Frá byrjun árs 1999 til loka 2005 hefur íbúum umdæmisins fjölgað um 5543. Eðlilegt er að hafa þetta í huga þegar afbrotatölfræðin er skoðuð, en þar er ávallt um rauntölur að ræða en ekki tölur er miðað við afbrot á hverja 10 þúsund íbúa eins og til að mynda er gert í afbrotatölfræði embættis ríkislögreglustjórans. Slíkur útreikningur hér myndi sýna hlutfallslega meiri fækkun brota.



Gert er ráð fyrir að íbúar umdæmisins verði 37490 árið 2008 og hafi því fjölgað um 31% frá árinu 1999. Spá lögreglunnar frá árinu 2004, sem byggði á upplýsingum frá sveitarfélögunum þremur, Álftanesi, Garðabæ og Hafnarfirði, gerði ráð fyrir fjölgun í 34124 íbúa í lok árs 2005. Þeir reyndust hins vegar lítið eitt færri eða 34057. Spáin fyrir árið 2008 er þó óbreytt.




Mynd 1. Þróun íbúafjölda í umdæmi lögreglustjórans í Hafnarfirði. Spá lögreglunnar til ársins 2008.

## 5.2 Fjölgun / fækkun hegningarlaga brota

### 5.2.1 Hegningarlaga brot


Hér að neðan má sjá þróun hegningarlaga brota í umdæminu frá árinu 1999 til 2005. Þeim fækkaði um 37% frá árinu 2004 og hefur fækkað um 55% frá árinu 2002.



Mynd 2. Þróun hegningarlaga brota í umdæmi lögreglustjórans í Hafnarfirði.

### 5.2.2 Íbúapróun borin saman við þróun hegningarlaga brota.

Áhugavert er að skoða þróun íbúafjölda í umdæminu samanborið við þróun hegningarlaga brota. Kemur þar í ljós að hlutfall milli fjölda íbúa annars vegar og hegningarlaga brota hins vegar helst nokkuð stöðugt frá árinu 2000 til og með 2002. Þá fer að draga í sundur, hegningarlaga brotum fækkar á sama tíma og íbúum fjölgar áfram. Á mynd 3 sést þessi breyting, en til hagræðingar fyrir lesendur eru hegningarlaga brot hér miðuð við 200 þúsund íbúa. Að öðrum kosti hefðu súlurnar verið afar litlar samanborið við íbúafjöldann.




Mynd 3. Íbúafjöldi borinn saman við fjölda hegningarlagabrota. (Fjöldi hegningarlagabrota miðað við 200 þúsund íbúa.)

### 5.3 Innbrot, þjófnaðir og eignaspjöll

#### 5.3.1 Innbrot


Í spá lögreglunnar fyrir árið 2005 var gert ráð fyrir nokkuð jafnri fækkun innbrota frá árinu 2003. Innbrotum hins vegar fjölgaði lítillega árið 2004 en voru þó talsvert færri en árið 2002. Þeim fækkaði svo umtalsvert árið 2005 eða um 31% og hefur þá fækkað um 40% frá árinu 2002.



Mynd 4. Fjöldi innbrota á árabílinu 2000 til 2005. Spá/markmið lögreglunnar til ársins 2008.

#### 5.3.2 Þjófnaðir


Þjófnaðum hefur fækkað jafnt og þétt frá árinu 2002, eða um 46%. Er sú fækkun talsvert umfram spá þá sem gerð var árið 2003.



Mynd 5. Fjöldi þjófnaða á árabílinu 2000 til 2005. Spá/markmið lögreglunnar til ársins 2008.

### 5.3.3 Eignaspjöll, minni háttar skemmdarverk


Eignaspjöllum fjölgaði lítillega árið 2005 miðað við árið þar á undan. Hins vegar hefur eignaspjöllum fækkað mikið frá árinu 2002 til 2005 eða um 35%.



Mynd 6. Fjöldi eignaspjalla á árabílinu 2000 til 2005. Spá/markmið lögreglunnar til ársins 2008.

### 5.4 Líkamsrásir

Mynd hér að neðan sýnir fjölda líkamsrásarmála, flokkuð eftir alvarleika þeirra. Flest brotin falla undir 217. gr almennra hegningarlaga en þau brot sem falla undir 1. og 2. mgr 218. gr sömu laga eru mun færri. Líkamsrásarmálum fækkar í heildina um 15% milli árunna 2004 og 2005 en eru jafnmörg árin 2002 og 2005.



Mynd 7. Fjöldi líkamsárásarmála á árabílinu 2000 til 2005.


## 5.5 Umferðarmál

### 5.5.1 Umferðaróhöpp, eignatjón / slys / mannlát / ölvunarakstur

Lögreglan gerði á síðasta ári ráð fyrir að umferðaróhöppum myndi fækka um 10% vegna breytinga á umferðarmannvirkjum í umdæminu m.a. vegna lagningar hringtorga. Umferðaróhöppum fjölgaði hins vegar um 3% milli ára og hefur þá fjölgað um 13% frá árinu 2002. Umferðarþungi í umdæminu jókst þó um 20% á sama tíma samkvæmt tölum frá Vegagerðinni og hefur óhöppum því fækkað hlutfallslega miðað við umferðarþunga.

Umferðarslysum fækkaði umtalsvert milli árána 2004 og 2005 eða um 32% og hefur þá fækkað um 52% frá árinu 2002.

Athyglisvert er að skoða fylgni, sjá mynd 8, sem er milli umferðaróhappa og umferðarslysa frá árinu 2000 til 2003, en hlutfallið þar á milli helst nokkuð stöðugt milli ára. Umferðarslysum fækkar hins vegar á árinu 2004 og 2005 þó umferðaróhöppum fjölgi. Má leiða að því líkur að ástæða fyrir fækkun slysa sé breyting á umferðarmannvirkjum í umdæminu á árinu 2004, en hringtorg voru þá byggð og leystu m.a. af hólmi stór ljósastýrð gatnamót þar sem umferðarslys voru tíð.




Mynd 8. Skýringarmynd er sýnir þróun umferðaróhappa frá árinu 2000 til 2005 þar sem eignatjón hefur orðið, sem og slys, mannlát og ölvunarakstur í tengslum við umferðaróhöpp.

Svo sem sjá má á mynd 8 þá varð ekkert mannlát í umferðinni á árinu 2005. Umferðaróhöppum þar sem ölvun ökumanns kemur við sögu, fjölgar hins vegar talsvert frá árinu 2004. Fjöldi slíkra mála sveiflast þó talsvert milli ára.


### 5.5.2 Ölvun við akstur

Kærum vegna ölvunaraksturs hefur fjölgað nokkuð frá árinu 2003 en þær eru þó færri árið 2005 en þær voru árin 2000 og 2001. Sú þróun sem sjá má á mynd 8 um ölvaða ökumenn í umferðaróhöppum bendir þó til að ölvuðum ökumönnum í umferðinni fari fjölgandi.



Mynd 9. Fjöldi kera vegna ölvunaraksturs árin 2000 til 2005.

### 5.5.3 Of hraður akstur - hraðamæling með ratsjá




Mynd 10. Fjöldi kera vegna hraðaksturs, radarmælinga, árin 2000 til 2005.

Athyglisvert er að skoða fjölgun/fækkun kera vegna hraðaksturs milli árána 2000 og 2005, með hliðsjón af þróun umferðaróhappa og umferðarslysa á sama tíma. (Mynd 8). Ekki er að sjá að fylgni sé milli fjölda kera vegna hraðaksturs og fjölgunar/fækkunar umferðaróhappa eða umferðarslysa. Vekur það upp spurningar um áherslur lögreglu í umferðarmálum.

## 5.6 Fíkniefnamál

Fjöldi fíkniefnamála hefur aukist ár frá ári. Það hefur verið markmið lögreglunnar frá árinu 2003 að fjölga skráðum brotum í þessum málaflokki með sí auknu eftirliti.

Erfitt er að fullyrða um hvort fíkniefnamisferli almennt sé að aukast, þótt vísbendingar um slíkt séu fyrir hendi. Ánægjulegt er þó, þegar litið er til framtíðar, að sjá tölur frá Rannsóknnum & greiningu sem sýna þróun í átt til minnkandi vímuefnaneyslu barna og unglunga í Hafnarfirði og Garðabæ.



Mynd 11. Fjöldi fíkniefnamála árin 2000 til 2005.

## VI. HLUTI


### 6.0 Afbrotapróun á Álftanesi, í Garðabæ og Hafnarfirði

Í þessum kafla má finna íbúapróun á Álftanesi, í Garðabæ og Hafnarfirði, frá árinu 1999 til 2005 og helstu afbrotatölur fyrir hvert sveitarfélag.

Ekki er víst að samanlagður fjöldi brota í sveitarfélögunum sé alltaf sá sami og heildartölur sama brotaflokkss hér að framan. Ástæðan er sú að brot eru í einhverjum tilvikum kærð hjá embætti lögreglustjórans í Hafnarfirði þó að þau hafi verið framin utan umdæmis. Þau koma því fram í heildartalningu brota sem skráð eru hjá embættinu en ekki í talningu innan sveitarfélaganna.


#### 6.1 Álftanes

##### 6.1.1 Íbúapróun frá árinu 1999 til 2005




##### 6.1.2 Afbrotatölur


Innbrot




Þjófnaðir



Eignaspjöll, minni háttar skemmdarverk




Líkamsárás, 217.




## 6.2 Garðabær

### 6.2.1 Íbúapróun frá árinu 1999 til 2005




### 6.2.2 Afbrotatölur


#### Innbrot




#### Þjófnaðir



#### Eignaspjöll, minni háttar skemmdarverk




#### Líkamsárás, 217




## 6.3 Hafnarfjörður

### 6.3.1 Íbúapróun frá árinu 1999 til 2005




### 6.3.2 Afbrotatölur


#### Innbrot




#### Þjófnaðir



#### Eignaspjöll, minni háttar skemmdarverk



#### Líkamsárás, 217



## Heimildaskrá

1. Ríkislögreglustjórinn (des. 2005). Afbrotatölfræði 2004.
2. Ríkislögreglustjórinn (des. 2005). Fjöldi brota eftir embættum, 2001 til 2004.
3. Vímuefnaneysla ungs fólks í Garðabæ (2005). Rannsóknir & greining.
4. Vímuefnaneysla ungs fólks í Hafnarfirði (2005). Rannsóknir & greining.